



## Það fjölgar í barnahópnum

Heilsuleikskólinn Álfasteinn í Hörgársveit óskar eftir að ráða starfsfólk.

Um er að ræða tvær tímabundnar stöður, 40 til 50% og 100%, með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Viðkomandi þarf að geta byrjað 2. janúar nk.

**Leikskólinn er 4ja deilda skóli fyrir börn á aldrinum 1 til 6 ára.  
Einkunnarorð skólans eru “Með sól í hjarta”**

Mikil áhersla er lögð á gleði og vellíðan barna, næringu, hreyfingu, listsköpun og frjálsan leik. Einnig er unnið með jákvæðan aga (Positive Discipline) og er skólinn á Grænni grein. Við leitum eftir fólki sem hefur gleði og ánægju af að starfa með börnum. Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Vinnuumhverfi leikskólans er gott, nýtt húsnæði, góður starfsandi og er uppsöfnun vegna „Betri vinnutíma“ tekin í haustfríi, milli jóla og nýjárs og í dymbilvikju, auk valkvæðra daga eða tíma yfir árið. Allt starfsfólk Hörgársveitar fær árskort í Jónasarlaug á Þelamörk.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna
- Að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs
- Að taka þátt í foreldrasamstarfi í samráði við deildarstjóra
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu og sem yfirmaður felur starfsmanni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi í leikskóla eða með börnum æskileg
- Jákvæðni, félagslyndi og góð færni í samskiptum
- Sveigjanleiki og tilbúinn að ganga í ýmis störf
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð færni í íslensku
- Almenn tölvukunnátta
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið má sjá á heimasíðu leikskólans <https://alfasteinnhorgarsveit.is/>

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk. og skal umsóknum skilað, ásamt ferilskrá á [alfasteinn@horgarsveit.is](mailto:alfasteinn@horgarsveit.is)

Upplýsingar gefur Hugrún Hermannsdóttir skólastjóri í síma 460-1760 eða á netfangið [alfasteinn@horgarsveit.is](mailto:alfasteinn@horgarsveit.is)